

2. fundur stjórnar foreldrafélags Hofsstaðaskóla 2013-2014.
Fimmtudagurinn 7. nóvember 2013, kl. 20:30.

Mættir: Áslaug, Anna, Edda, Grímur, Oddgeir og Halla

Gjaldkerastarf og reikningar. Oddgeir setti Önnu Jónínu inn í gjaldkerahlutverkið. Grímur fer yfir reikningana.

Valgreiðslur. Valgreiðslurnar voru sendar út núna rétt eftir mánaðarmótin. Oddgeir fékk lista yfir foreldra uppi á skrifstofu. Ath. að það eru 0 fyrir framan kennitölurnar á listanum sem þarf að eyða.

Foreldraskemmtun. 21. nóvember kl. 20:30-23:00 í skátaheimilinu. Skemmtiatriði – Brynja Valdís byrjar kl. 21:00. Dj-inn kemur kl. 20:00 um leið og við mætum til að gera tilbúið.

Súkkulaði: Edda heyrir í Nóa Síríus upp á súkkulaði

Ostar, c.a. 15 stk: Anna Jónína heyrir í Mjólkursamsölunni

Drykkir – vín, 3 beljur af hvoru, og gos & sódavatn, 1 kippa af hvoru:

Edda athugar með vín

Anna Jónína athugar vín og gos hjá Ölgerðinni.

Kaupum kex (5 pakkar), hnetur (3 pokar), sultu (1 chili + 1 rifsberja) og servíettur. Ásta?

Halla athugar með kaffi og borðbúnað (skálar, diskar o.s.frv.) hjá Hafdísí og reddar posum.

Áslaug býr til auglýsingu.

Edda sendir út póst á bekkjarfulltrúa og setur líka inn upplýsingar á facebook síðuna.

Tölvupóstsendingar. Edda tekur að sér tölvupóstsendingar til foreldra og bekkjarfulltrúa. Halla sendi póst á Elísabetu upp á að Edda fái möguleika á að senda pósta á alla foreldra úr Mentor.

Jólasveinn. Halla sendi póst á Hafdísí og Margréti og spurði út í jólasveininn.

Laufabrauð. Ákveðið var að hafa laufabrauðið laugardaginn 7. desember 2013, kl. 11-16.

Oddgeir heyrir í Þorgeiri upp á brauðin og feitina. Foreldrar steikja sjálfir eins og gert var í fyrra.

Leiðbeiningar verða á skjávarpanum – Áslaug heyrir í Siggu.

Mæting kl. 10:00. Pakka laufabrauðum 6 í pakka, raða borðum, hella upp á kaffi. Redda posa. Taka þarf á móti greiðslum fyrir brauðin.

Halla kaupir eftir innkaupalistanum frá því í fyrra og reddar posum.

Áslaug reddar jólatónlist og auglýsingu.

Allir taka með dagblöð og pott.

Edda sendir póst á bekkjarfulltrúa og biður þá um að hjálpa.

Jólaglaðningur fyrir skólann og lögregluna. Foreldrafélagið hefur gefið starfsfólki skólans og lögreglunni konfekt eða mandarínur fyrir jólin. Halla kaupir það um leið og hún verslar inn fyrir laufabrauðið.